

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet.

#### 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota til þorskfiskveiða, er 5 og 1/2 þumlungur (139,7 mm).

Frá 1. maí 2003 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 9 þumlungar (228,6 mm).

Frá 1. maí 2004 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 8 þumlungar (203,3 mm).

Frá 1. janúar 2005 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 7 og 1/2 þumlungur (190,5).

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*